

MINNISBLAÐ - FEBRÚAR 2020
SVÖR VIÐ SPURNINGUM ÁTAKSHÓPS RÍKISSTJÓRNARINNAR

Hér á eftir er að finna samandregin svör sveitarfélaga á Suðurlandi við spurningum átakshóps ríkisstjórnarinnar, sbr. tölvupóst dags. 19. desember 2019.

- 1. Mat á því hvernig fyrirtæki og stofnanir sem reka mikilvæga innviði voru undirbúin fyrir óveðrið, hvernig unnið var í samræmi við viðbragðsáætlanir, hvernig til tókst að framfylgja viðbragðsáætlun, almennt mat á því hvað betur hefði mátt fara og fyrirhugaðar aðgerðir í framhaldi af því.**

Ekki reyndi á viðbragðsáætlanir á Suðurlandi vegna óveðursins í desember sl. Hins vegar var rafmagnslaust öðru hvoru austast á svæðinu. Truflanir sem vörðu í nokkra daga. Raftæki skemmdust og þetta hafði áhrif á atvinnustarfsemi.

Vegna ófærðar í kjölfar óveðursins var skólahald í leik- og grunnskólum víðast fellt niður í einn til tvo daga og var tilkynningum um það komið á framfæri við foreldra með tölvupóstum, tilkynningum á heimasíðu, hringingum, smáskilaboðum og samfélagsmiðlum (Facebook) og með tilkynningum í útvarpi og á héraðsmiðlum.

Áhaldahús sveitarfélaganna tryggðu byggingar og mannvirki í hverju sveitarfélagi. Tilkynningar voru sendar til íbúa og verkataka um að binda/fjarlægja lausa muni.

Helstu innviðir sem getur reynt á komi til rafmagnsleysis eru hitveitur (þar sem það á við), vatnsveitur og jafnvel fráveitur en framangreindar veitur eru margar án varaafls en í einhverjum tilfellum eru varaaflostöðvar tiltækar í neyð.

Hitaveitur eru m.a. í þéttbýliskjörnum en hafa verður í huga að mörg íbúðarhús eru með varmaskipti sem byggir á hringrásarkefi og þar þarf því rafmagn. Vegna þessa er ekki hægt að tryggja að húshitun sé raunveruleikinn allsstaðar þó heitt vatn sé til staðar.

Ljósleiðarakerfi er almennt ekki með varaafli á miðjubúnaði. Eignarhald á ljósleiðara kerfinu er með mismunandi hætti á milli sveitarfélaga. Fjarskiptafyrirtæki eru með takmarkað varaafli fyrir sinn búnað sem eru þá á formi rafhlaðna og duga því einungis í nokkrar klst.

Rafmagnsleysi hefur áhrif á allt samfélagið en bæði íbúar og fyrirtæki reiða sig á tryggja afhendingu rafmagns.

Vegum um fjallvegi, bæði Þrengsli og Helligheiði var lokað vel áður en veður varð verst og þannig stýrt hjá ógöngum sem vegfarendur hefðu annars lent í.

Kortleggja þarf betur varaafli fyrir skilgreindar fjöldahjálpastöðvar, heilsugæslu og hjúkrunarheimili.

Dæmi eru um að kúabú og fyrirtæki séu með vararafstöðvar í landshlutanum.

2. Leggja mat á tiltækt varaafli í landshlutanum og stýringu þess við aðstæður eins og sköpuðust. Tillögur til úrbóta.

Varaafli er á nokkrum stöðum til að sinna heilsugæslu, hjúkrunarheimilum og fjöldahjálparstöðum en á mörgum stöðum vantar þær. Í einhverjum tilfellum eru til færanlegar varaafilstöðvar sem hægt er að nota í neyð.

Landsnet og RARIK eigi fleiri varaafilstöðvar til að sinna neyðartilvikum og einhverjar þeirra eru færanlegar. Smávirkjanir geta tryggt raforkuöryggi í nærumhverfinu séu þær með tengingu inn á dreifikerfi. Dreifiaðilar raforku geta því í neyð sinnt þeim sem næst eru þessum virkjunum, bregðist aðfangalínur. Mikilvægt að dreifiaðilar raforku kortleggi þetta betur.

Fjarskiptakerfin eru háð rafmagni en ljósleiðari liggur á flesta bæi í landshlutanum þannig að ef til er búnaður með varaafli til þess að halda kerfinu gangandi og móttökubúnaði í heimahúsum þá er það nokkuð öruggt og óháð veðri og vindum. Gera verður ráðstafanir til að kerfi séu með varaafli sem dugi einhverja sólarhringa.

Í Vestmannaeyjum er hægt að keyra 4,5 MW rafstöð. Varaafli þyrfti að vera 6,3 MW til að sinna forgangsorku miðað við að atvinnustarfsemi sé í algjöru lágmarki. Auka þarf varaafli um 2 MW til að sinna forgangsorku. Ef atvinnustarfsemi er í fullum gangi er notkunin 12-14 MW miðað við að keyra hitaveitu á olíu.

Nauðsynlegt er að ráðast í úrbætur á dreifikerfinu þar sem ekki er hægt að bæta forgangsálagi á sem dæmi Hellu, Flúðum, Hvolsvelli, Rimakoti og Vestmannaeyjum.

Nauðsynlegt að laga sjóvarnargarð við Vík í Mýrdal.

3. Mat á samspili kerfa við aðstæður sem þessar, t.d. hversu háð fjarskiptakerfi eru raforkukerfum.

Brýnt er að bæta varaafli fyrir fjarskiptakerfi s.s. ljósleiðara-, Tetra- og GSM kerfi svo ekki sé talað um mikilvægi dreifikerfis Ríkisútvarpsins en á ögurstundum sem þessum verður dreifikerfi stofnunarinnar að standa undir merkjum.

Mikilvægt er að framkvæmdar verði kerfisbundnar mælingar hjá notendum á móttökuskilyrðum fjarskiptamerkja.

Meirihluti heimasíma detta út í rafmagnsleysi. GSM farsímakerfið er orðið neyðarkerfi þrátt fyrir að vera ekki skilgreint sem slíkt. Síminn áformar að leggja af kopalínusímakerfi – er samfélagið undir það búið?

4. Tillögur um aðgerðir til að efla viðbúnað og viðbragð, svo sem mannafla, tækjakost, stjórnun aðgerða, samskipti og upplýsingagjöf. Er nægilegur mannafla til staðar á þeim stöðum þar sem tæki og innviðir brugðust, og er tækjakostur fullnægjandi og aðgengilegur.

Staða þessara mála eru í ágætum farvegi á Suðurlandi en náttúruhamfarir hafa verið tíðar á svæðinu, jarðskjálftar, eldgos og flóð.

Mikið starf hefur verið unnið á Suðurlandi á síðustu árum hvað varðar það að efla almannavarnir með ýmsum hætti. Lögreglustjórnin á Suðurlandi og sveitarfélögin í gegnum almannavarnanefndirnar á svæðinu hafa í nokkur ár haft sameiginlegan starfsmann sem vinnur að almannavarnamálum. Byggðar hafa verið upp stjórnstöðvar og fjöldi fólks fengið þjálfun t.d. sem vettvangsstjórar. Unnar hafa verið viðbragðsáætlanir og haldnar æfingar og námskeið. Talið er að mannskapur, viðbragð og undirbúningur sé í góðum og þaulæfðum höndum viðbragðsaðila almannavarna og svo ekki sé talað um björgunarsveitir. Ef aðstæður er hins vegar þannig í samfélaginu að allir íbúar þyrftu að vera að sinna sér og sínum þá er ekki hægt að ætlast til þess að viðbragðsaðilar á svæðinu séu að sinna þessum útköllum, þá þarf að vera hægt að leita eftir aðstoð frá öðrum svæðum.

Þó íbúar séu vel upplýstir verður það sama ekki sagt um ferðamenn sem þekkja ekki til og geta ekki vitað hvernig á að bregðast við aðstæðum. Virkja þarf ákveðnar öryggisupplýsingamiðstöðvar fyrir ferðamenn, veita upplýsingar um aðstæður, hvað skuli gera og beina þeim áfram í viðeigandi þjónustu. Koma þarf gestum í öruggt skjól og á aðra gististaði sé það möguleiki.

Afar mikilvægt er að lykilaðilar í almannavarnakerfinu og lykilstjórnendur sveitarfélaga þekki sitt hlutverk og skyldur og hefur verið unnið markvisst að því að undirbúa þessa aðila undir áföll af ýmsu tagi og jafnframt hvernig vinna skuli að endurreisn samfélaga eftir áföll. Í því skyni hafa sveitarfélögin gert áætlanir um endurreisn samfélaga í kjölfar áfalla.

Sunnlendingar geta vafalaust miðlað af reynslu sinni til annarra landshluta hvernig staðið hefur verið að uppbyggingu almannavarna á Suðurlandi.

Líkt og dæmin sanna í veðurofsanum í desember sl. er áréttað að búfé í lausagöngu getur stafað hætta af hamförum, hafa ber í huga leiðir til að mæta því ef til kemur.

Viðbragðsáætlun er sem dæmi í vinnslu hjá Árborg og áætlun um langtíma viðbrögð við náttúruhamförum.

Vakin er athygli á að oft er ein matvöruverslun á svæðum og hún er almennt lokuð ef rafmagnsleysi er og sama gildir um eldsneytissala.

Útbúa þarf varðskipið Þór þannig að spennir sé um borð til að skila háspennu frá borði svo ekki þurfi að koma fyrir spennu á bryggjunni með tilheyrandi töfum á afhendingu rafmagns.

5. Tillögur um aðgerðir sem styrkja innviði í byggðakjörnum og hinum dreifðu byggðum til langs tíma, svo sem fjárfestingar. Ábendingar um einstakar aðgerðir og umbótaverkefni sem nauðsynlegt er að ráðast í svo grunninnviðir séu betur í stakk búnir til að mæta slíku áhlaupi næst og samfélagslegt tjón þannig lágmarkað.

Brýnt er að allir landsmenn, hvar svo sem þeir búa, hafi aðgang að viðunandi innviðum til að tryggja öryggi þeirra og fullnægjandi innviði hvað varðar helstu grunnþarfir. Tryggja þarf að varaafli sé til staðar fyrir veitur og fjarskipti.

Sæstrengur til Vestmannaeyja er brýnt mál en í dag er nánast allt rafmagn flutt með einum streng VM3. Hefja þarf undirbúning að nýjum neðansjárstreng VM4.

Nauðsynlegt er að hafa aðra neðansjárvatnsleiðslu til að tryggja neysluvatnsflutning til Vestmannaeyja.

Endurnýja þarf elsta hluta dreifinets Landsnets þannig að það geti sinnt hlutverki sínu.

Leggja verður áherslu á að stjórnvöld fylgi þeirri stefnumótum sem þegar er til, bæði í byggðamálum og uppbyggingu innviða, og móti aðgerðaráætlanir um uppbyggingu innviða, þ.á.m. samfélagslegra. Fjölmargar skýrslur hafa verið gefnar út um stöðu innviða og byggðamála í landinu, en annaðhvort er ekki mótuð stefna á grunni þeirra eða stefnum er ekki fylgt eftir þegar þær eru til staðar. Má t.d. benda á ofanflóðavarnir í þessu samhengi.

Mikið er um gistiheimili og stór hótél í landshlutanum. Það segir sig sjálft að sitja uppi með mikinn fjölda af svöngum og köldum ferðamönnum er ótækt. Innviðir þurfa að byggjast upp til að takast á við þá sem dvelja í landshlutanum.

Huga þarf sérstaklega að áhrifum sem stórflóð í Ölfusá gætu haft á Árborg og umferðarleiðir til og frá Selfossi. Ísstíflur geta haft alvarleg áhrif: https://www.vedur.is/media/vedurstofan-utgafa-2019/VI_2019_013_.pdf

Mikilvægt er að skoða lagfæringu á Óseyrarbrú þar sem hún getur gegnt lykilhlutverki í tengslum við rýmingu um Suðurstrandarveg. Brúin er mjó og ekki er gert ráð fyrir aðgengi hjólandi/gangandi yfir hana.

Enn alvarlegri atvik gætu komið í kjölfar eldgosa í Bárðarbungu en Veðurstofan vinnur nú áhættumat vegna jökulhlaupa til vesturs og suðurs samfara eldgosum í eldstöðvakerfi Bárðarbungu.

Mikil skipaumferð er við strendur Íslands. Allt frá fiskibátum til stærstu skemmtiferðaskipa. Mikilvægt er að bregðast við þeim hættum sem eldur eða mengun vegna óhappa um borð geta valdið auðlindum, náttúru og mannlífi á Íslandi með því að efla þjálfun slökkviliðsmanna og búnað slökkviliða til að bregðast við slíkum vettvöngum. Nágrannalönd okkar eru með sérþjálfaða hópa og búnað til að bregðast við þeirri hættu sem getur steðjað að, þessir hópar eru kallaðir MIRG (Maritime Incident Response Groups).

Einnig er mikilvægt að huga að brunavörnum en eftir því sem gróður hefur aukist og sveiflur í veðurfari verða meiri aukast líkur á skógar- og sinueldum. Efla þarf þjálfun slökkviliðsmanna og aðgengi að viðeigandi búnaði, s.s. sérútbúnum þyrlum og/eða flugvélum, til hægt sé að bregðast við slíkum aðstæðum.

6. Ábendingar um hvernig gengið hefur að koma mikilvægum framkvæmdum í gegnum leyfisveitingarferli og stjórnsýslu undanfarin ár, nefna t.d. raunveruleg dæmi og tímalínur. Tillögur um aðgerðir sem miða að því að stuðla að skilvirku regluverki og stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga varðandi framkvæmdir í flutnings- og dreifikerfi raforku.

Við undirbúning á Brúarvirkjun í Tungufljóti orsökuðu kærur Landverndar umtalsverðar tafir og fjárhagslegt tjón. Tafir vegna kærunnar voru a.m.k. 6 mánuðir fyrir utan fjárhagslegt tjón sem talið er hafa verið um hálfur milljarður.

Samgöngur skipta samfélög á landsbyggðinni miklu máli. Mikilvægar samgöngubætur innan sveitarfélagsins, endurbætur á veginum í gegnum Þjóðgarðinn á Þingvöllum töfðust talsvert vegna kærur Landverndar um að framkvæmdin þyrfti að fara í umhverfismat. Þessi vegur er mikilvægur m.a. vegna ferðaþjónustunnar og höfðu mörg óhöpp átt sér stað sem mátt rekja til ástands vegarins og með ólíkindum að ekki hafi orðið stórslys á fólki, slíkt var ástand vegarins. Það er ólíðandi að viðhald á mikilvægum vegum skuli dragast vegna kærumála rétt áður en framkvæmdir eiga að hefjast. Nú er Skipulagsstofnun búin að úrskurða að endurbætur á Kjalvegi skuli fara í umhverfismat, það mun tefja samgöngubætur sem miða m.a. að því að bæta öryggi vegfarenda og viðbragðsaðila. Það þarf að breyta regluverkinu þannig að kærumál og athugasemdir þurfi að berast fyrr í ferlinu en ekki rétt áður en framkvæmdir eru að hefjast. Það þarf að setja almannahagsmuni ofar en athugasemdir og skoðanir einstakra aðila.

7. Aðrar aðgerðir sem skipta máli varðandi eflingu innviða og öryggi íbúa landsins.

Vísað er til svars við spurningu 4, afar mikilvægt er að huga vel að almannavörnum. Víða um land mætti vinna enn markvissar að því að efla og bæta starf sem snýr að almannavörnum en afar mikilvægt er að lykilaðilar í almannavarnakerfinu og lykilstjórnendur sveitarfélaga þekki sitt hlutverk og skyldur og hefur verið unnið markvisst að því að undirbúa þessa aðila undir áföll af ýmsu tagi og hvernig vinna skuli að endurreisn samfélaga eftir áföll. Í því skyni hafa sveitarfélögin gert áætlanir um endurreisn samfélaga í kjölfar áfalla. Staða þessara mála er í ágætum farvegi á Suðurlandi en náttúruhamfarir hafa verið tíðar á svæðinu, jarðskjálftar, eldgos og flóð. Sunnlendingar geta án vafa miðlað af þeirri reynslu til annarra landshluta.

Skilgreina þarf hlutverk félagsþjónustu sveitarfélaga á tímum samfélagslegra áfalla sérstaklega í lögum um almannavarnir og lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Á stundum sem þessum er afar mikilvægt að Ríkisútvarpið, með sínar ríku skyldur, afli upplýsinga um stöðu mála og miðli þeim áfram til íbúa. Að vita stöðu mála, jafnvel það að segja að verið sé að afla upplýsinga, róar íbúa og eykur þar með öryggi þeirra.

Auka þarf fræðslu og forvarnir meðal almennings og minna fólk á að á Íslandi geta skjótt skipast veður í lofti og við ráðum ekki við móður náttúru. Rafhlöður fyrir útvörp og ljós, olíu- eða gashitarar geta bjargað miklu þegar veður verða eins og í haust og innviðir bregðast. Við verðum sífellt að minna okkur á að nútímataeki og þægindi eru ekki sjálfsögð og það þarf að hafa fyrir þeim. Ekki gleyma því að við búum á Íslandi í nánu sambýli við náttúruna.



Áhersla verði lögð á að halda áfram uppbyggingu á Þrengslavegi enda hann umtalsvert oftari opinn þegar veður eru slæm á Helligheiðinni.

Fundin verði lausn í samvinnu við símafyrirtækin þannig að váboð (smáskilaboð) berist til allra farsíma sem eru á hættusvæðinu óháð því hjá hvaða fyrirtæki viðkomandi er í viðskiptum (skilyrða reikisamninga). Einnig þarf að finna lausn á fjarskiptum á sem dæmi Suðurstandarvegi og í Þrengslum en á báðum þessum leiðum eru „holur“ í farsímakerfinu.

Samskipti við ríkið og ríkisstofnanir geta einkennst af ráðleysi og skorti á pólitískri forystu. Í mikilvægum innviðamálum er eins og stundum séu öll sund lokuð og að ráðuneytin hafi engar lausnir. Þetta hefur verið áberandi í sorpmálum þar sem engar tímabundnar lausnir virðast heimilar í urðun eða brennslu. Fullur skilningur er engu að síður á mikilvægi umhverfismats og vandaðra vinnuferla.